

# Umhverfisstefna AKÍS

2025 - 2030

Stefna Akstursíþróttasambands Íslands er að vera til fyrirmynadar í umhverfismálum.

Markmiðið AKÍS, í samstarfi við aðildarfélög sín, er að gera umhverfisáhrif akstursíþróttu minni og um leið skapa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag við keppnishald, æfingar og aðra viðburði.

Stjórn AKÍS skuldbindur sambandið til að fylgja umhverfisstefnu þessari.

Lagalegum skyldum sem tengast starfseminni verður fylgt og stöðugar umbætur gerðar.

AKÍS stefnir að því að fá umhverfisvottun alþjóðaakstursíþróttasambandsins FIA.

## Umhverfisstefna aðildarfélaga

AKÍS leggur áherslu á að aðildarfélög þess setji sér umhverfisstefnu og leggur fram í viðauka við þetta skjal sniðmát sem aðildarfélögini geta notað sem grunn að umhverfisstefnu sinni.

Markmiðið er að öll aðildarfélög AKÍS hafi sett sér stefnu í umhverfismálum fyrir ársþing 2026

## Orkuskipti í akstursíþróttum

AKÍS styður nýjungar í þróun keppnistækja og keppnisgreina þar sem ekki er notast við jarðefnaeldsneyti. Horft skal til sem flestra sjálfbærra eldsneytisgjafa, lífræns eldsneytis sem og rafmagns og leitast við að vera þáttakandi í þróun á notkun þeirra. Sérstaklega skal stefnt að notkun eldsneytis sem mögulegt er að framleiða á Íslandi með innlendri, sjálfbærri orku.

AKÍS er reiðubúið að bjóða erlendum akstursíþróttasamböndum og framleiðendum keppnistækja samstarf og aðstöðu eftir því sem kostur er, til þess að ná þessu fram.

## Kolefnisjöfnun

Aðildarfélög AKÍS sem hafa yfir að ráða keppnissvæðum eru sérstaklega hvött til þess að nýta sín svæði til plöntunar trjáa. Þannig megi ná fram kolefnisjöfnun til móts við áhrif af keppnishaldi og einnig skapa vistlegt og gott umhverfi á keppnissvæðum ásamt því að geta hjálpað við bindingu jarðvegar og minnkað áhrif sand- og eða moldroks.

## Hávaðamengun

AKÍS mun beita sér fyrir greiningu á hávaðamengun frá aksturskeppnum og þar sem þess er þörf, verði áhrif milduð, meðal annars með hljóðmönnum.



## Jarðvegs-, loft- og vatnsgæði

Sérstök áhersla er lögð á að svæði sem akstursíþróttir eru stundaðar á styðji við líffræðilega fjölbreytni. Í fyrirrúmi verða verkefni tengd því að hindra mengun jarðvegs, lofts og vatns.

## Innkaup

Innkaup AKÍS verði byggð á stefnu sambandsins um vistvæn innkaup, þannig að umhverfismerktar vörur og þjónusta verði valin umfram aðrar.

## Umhverfisvitund

AKÍS mun hafa regluleg samskipti við aðildarfélög sín um umhverfismál og fari fram umræða, þjálfun og eftirlit um málauflokkinn. Helstu umhverfisáhrif eru skilgreind og stýrt og komið á framfæri við félagsmenn aðildarfélaganna og allan almenning.

## Úrgangur

Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar. Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.

Stjórn Akstursíþróttasambands Íslands

## Samþykkt á Ársþingi AKÍS 8. mars 2025

## Viðauki A

### Sniðmát að umhverfisstefnu aðildarfélaga AKÍS

Stefna **Félagsins** er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Markmiðið **Félagsins** er að gera umhverfisáhrif akstursíþróttu minni og um leið skapa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag við keppnishald, æfingar og aðra viðburði.

Stjórn **Félagsins** skuldbindur það til að fylgja umhverfisstefnu þessari með því að vinna markvisst að umbótum í ólíkum þáttum starfsemi **Félagsins**.

#### Keppnistæki

Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar á keppnistækjum í keppnum og æfingum á vegum **Félagsins** verður lágmörkuð. Það er meðal annars gert með því að tryggja að olíur og aðrir vökkvar fari ekki niður í jarðveginn meðal annars með því að keppendur noti hlífðardúka þegar unnið er með olíur og eldsneyti. Skoðaðir verða möguleikar á notkun rafknúinna keppnistækja.

#### Akstursíþróttasvæði

Kolefnislosun er mæld og dregið úr henni. Eldsneytisnotkun verður kolefnisjöfnuð í samstarfi við viðurkennda aðila á því sviði, til dæmis verkefnið Kolviður, auk þess sem dregið er úr flutningum og umhverfisáhrif þeirra lágmörkuð. Hávaðamengun er greind og áhrif milduð meðal annars með hljóðmönnum.

Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og þjóðminjar eru greind og milduð. Verkefni tengd mengun jarðvegs og vatns eru greind og bætt úr þar sem þarf. Loftgæði eru mæld og bætt.

#### Innkaup

Innkaup **Félagsins** verði byggð á stefnu um vistvænn innkaup. Umhverfismerkar vörur og þjónusta verða valin umfram aðrar. Dregið er úr eldsneytisnotkun og hvatt til orkuskiptingar þar sem það á við. Hugað verði að notkun vatns á vegum **Félagsins**. Umhverfisáhrif hönnunarferla og efniskaupa verði lágmörkuð.

#### Umhverfisvitund

Regluleg samskipti, þjálfun og samráð um umhverfismál fari fram ásamt því að árangur í umhverfismálum er mældur og undir eftirliti.

Helstu umhverfisáhrif eru skilgreind og stýrt og komið á ferlum fyrir innri endurskoðun, skjölun og skýrslugerð.

#### Úrgangur

Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar. Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.

Samþykkt á aðalfundi **Félagsins þann**

## Viðauki B

Minnispunktar frá alþjóða akstursíþróttasambandinu FIA

1. Félagið og stjórni þess skuldbindur sig til að fylgja umhverfisstefnu þessari
2. Stefna og markmið í umhverfismálum eru skýr
3. Regluleg samskipti, þjálfun og samráð um umhverfismál fari fram
4. Sýnt er fram á að viðeigandi umhverfislöggjöf sé fylgt
5. Árangur í umhverfismálum er mældur og undir eftirliti
6. Komið er á ferlum fyrir innri endurskoðun, skjölun og skýrslugerð
7. Helstu umhverfisáhrif eru skilgreind og stýrt
8. Dregið er úr orkunotkun
9. Dregið er úr vatnsnotkun
10. Sorp og úrgangsefni eru flokkuð
11. Verkefni tengd mengun jarðvegs og vatns eru greind og stjórnað
12. Umhverfisáhrif hönnunarferla og efniskaupa eru lágmörkuð
13. Dregið er úr flutningum og umhverfisáhrif þeirra lágmörkuð
14. Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og þjóðminjar eru greind og milduð
15. Hávaðamengun er greind og áhrif milduð
16. Loftgæði eru mæld og bætt
17. Kolefnislosun er mæld og dregið úr henni